

1998.

13. árgangur, 2. t.ú.

Brynhildur Sigurðardóttir:



## Hugleiðing um hugsun

*Dráttur*

*Eins og aðrir áhugamenn um skólamál hef ég undanfarin misseri verið að þæla í því hvernig gera má góðan skóla betri. Athygli mín hefur beinst að heimspekinni, fjarveru hennar frá skólanum og hvernig hún getur kennt okkur að hugsa markvissar en við gerum oft á tíðum. Hverju er ég að halda fram hér? Hugsa heimspekingar skýrar en annað fólk? Er hægt að hugsa vel eða illa?*

Hvað heimspekingana varðar er best að alhæfa ekki neitt, þeir hljóta að vera misjafnir eins og aðrir menn. En spurningin er hvort heimspekin sjálf hafi eitthvað fram að færa sem getur bætt hugsun okkar almennt. Nú ætla ég ekki að reyna að skilgreina hugsun eða gera henni tæmandi skil. Það sem mig langar að gera er að lýsa með dæmum hvernig við eigum ekki að beita hugsun okkar að mínu mati. Einnig ætla ég að sýna hvernig tekist er á við slík dæmi í námsefninu *Uppgötvun Ara* sem er grundvallarnámsefni í barnaheimspeki.<sup>1</sup>

Í daglegu lífi verðum við vitni að ótal samtölum; á heimili okkar og í vinarhópnum, á vinnustað, í skóla og fjölmiðlum. Rætt er um veðrið, daginn og veginn, persónulega hagi og svo framvegis. Oft þarf ekkert að huga að rökunum að baki því sem sagt er. Þau geta verið svo sjálfsögð að allir þekkja þau og eru sammála um þau. En stundum koma þó athugasemdir eins og: „Mikið er þetta vel unnið verkefni, Gunna mín. Hver hjálpaði þér með það?“ Það er alltaf gott að fá hrós en af hverju er þessari spurningu bætt aftan við? Hún dregur í raun hrósið snarlega til baka og beinir því til einhvers annars, hjálparaðilans. Í spurningunni býr falin forsenda, nefnilega sú að Gunna sé í rauninni ekki mjög dugleg og hefði ekki getað unnið verkefnið án hjálpar. Vel getur verið að Gunna hafi fengið hjálp við verkefnið og þá svarar hún spurningunni áhyggjulaus. En ef Gunna vann

verkefnið upp á eigin spýtur hlýtur spurningin að koma illa við hana því hún birtir fordóma og vantraust spyrjandans í hennar garð. Eigi samskipti milli manna að vera hreinskiptin verður fólk að geta greint faldar forsendur af þessu tagi og brugðist við þeim, þannig að samtalið haldi ekki áfram að hvíla á forsendum sem aðilar eru ef til vill ekki sammála um. Hægt er að hjálfa sig með því að reyna að finna földu forsendunnar í setningum á borð við: „Hversu lengi var Leifur heppni að sigla yfir Kyrrahafið?“ „Vissulega er hann heilbrigður, ríkur og klár en mér finnst hann samt misheppnaður,“ sagði Sigga. „Hjálp!“ (*Heimspekiæfingar*, bls. 191)

Í deilum reynir fólk oft að verja málstað sinn með öllum tiltækum ráðum. Við getum tekið dæmi af Önnu, miðaldra konu, sem blöskrar útgjöld ríkisins til heilbrigðismála. Henni dettur í hug að hægt sé að spara með því að skera niður þjónustu til þeirra sem að hennar mati munu hvort eð er aldrei lifa sómasamlegu lífi, til dæmis fjölfatlaðra. Að sjálfsögðu er þessari konu harðlega andmælt, en í hita leiksins geta andstæðingar hennar gleymt að beita rökum og sagt í staðinn: „Þú ert greinilega fullkomlega kaldrifjuð manneskja! Þú getur ekki nokkurn tíma hafa lifað almennilegu fjölskyldulífi.“ Í stað þess að benda Önnu á rök gegn skoðun hennar, svo sem að fjölfatlaðir einstaklingar geti verið hamingjusamir og ánægðir með líf sitt, að

erfitt sé að draga mörkin milli fjölfatlaðra og minna fatlaðra og svo framvegis, er ráðist á persónu hennar, væntanlega til að reyna að þagga niður í henni. Því miður heppnast svona málflutningur mjög oft. Mér hefur dottið í hug að kannski sé hann sérlega áhrifaríkur meðal Íslendinga vegna þess að þeir samsama sig verkum sínum, eiga erfitt með að draga mörk milli persónu sinnar og þess sem þeir segja eða framkvæma. Þegar við fáum svona andsvör hrökkvum við því í kút og förum að velta því fyrir okkur hvort við séum virkilega svona slæmar manneskjur. En hvað um það, svör af þessu tagi eiga ekki að heyrast, þau geta ekki lagt neitt af mörkum til að leysa ágreininginn, en um það á samræðan að snúast. Í samræðu verður alltaf að ríkjá virðing milli allra þátttakenda, sama hversu ósammála þeir eru. Eftirfarandi verkefni er til að áréttu þetta atriði: Gefið atriðunum hér á eftir stig eftir mikilvægi þeirra:

- a. Að taka ekki orðið af öðrum.
- b. Að hlusta vandlega á aðra.
- c. Að vera ekki á kjaftatörn á meðan samræður standa yfir.
- d. Að snúa ekki út úr spurningum sem beint er að manni.
- e. Að draga það fram sem felst í skoðunum annarra.
- f. Að vera ekki á iði meðan aðrir tala.
- g. Að hugsa áður en maður talar.
- h. Að taka ekki mikinn tíma til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- i. Að halda sig við umræðuefnið.
- j. Að forðast persónulegar árásir á þá sem eru manni ósammála. (*Heimspekiaefingar*, bls. 61)



Af sýningunni Borgin séð með augum barna  
Ljósmynd: Arnbjörg Arnardóttir, f. 1992

Tengsl milli hluta og heildar geta vafist fyrir fólki og orðið tilefni rangra ályktana. Fótboltinn er mjög skýrt dæmi. Oft hefur liðum verið spáð velgengni eftir að hafa keypt til sín fjölda góðra leikmanna. Stundum gengur spáin eftir en ekki alltaf.

Það er nefnilega ekki hægt að setja samasemmerki milli góðra einstaklinga og góðs liðs, liðið byggir á samvinnu og ýmsum fleiri þáttum sem ekki sjást í einstaklingunum einum og sér. Á sama hátt má ekki draga of miklar ályktanir um einstaklingana út frá heildinni sem þeir tilheyra. Kennarar þurfa oft að kljást við erfiða bekki, en þegar fréttir berast af slíkum bekkjum er varasamt að álykta að hver einasti nemandi í viðkomandi bekk sé mjög erfiður. Það getur verið mikils virði að rannsaka tengsl af þessu tagi. Í náttúrufræðinámi þurfa nemendur

að fá innsýn í störf og aðferðir vísindamanna. Mikilvægur liður í vísindastarfsemi felst í að setja fram tilgátur og prófa þær. Nemendum í grunnskólum er gert að beita þessum aðferðum þegar þeir fást við einföld viðfangsefni. Ef þeir hafa fengið þjálfun í að greina tengsl milli hluta og heildar eru þeir betur færir um að greina mynstur og reglu í óreiðunni, greina aðalatriði frá aukaatriðum og halda ákveðnum þáttum stöðugum á meðan þeir prófa aðra.<sup>2</sup> Æfingar sem veita þjálfun í greiningu á tengslum hluta og heildar geta litið út á eftirfarandi hátt:

„Er allur rósarunninn rauður fyrst blóm rósarinnar er rautt?“

„Getur sá rífið bók í tvennt, sem getur rífið sérhverja blaðsíðu hennar í tvennt?“

„Ef sérhver hluti alheimsins líður undir lok fyrir eða seinna hljóta þá allir hlutir sem til eru að líða undir lok?“

„Ef hluti eplisins er rotinn er þá eplið rotið?“ (*Heimspekiaefingar*, bls. 179)

Heimspækin gerir kröfur til hugsunar okkar. Kröfur um að við styðjum skoðanir okkar og fullyrðingar rökum og að það séu góð rök. Í barnaheimspæki hefur þessi krafa verið sett í kennslufræðilegan búning. Hér að framan hef ég sýnt dæmi um verkefni af því tagi sem fengist er við í barnaheimspækinni, en hún er miklu meira en safn af verkefnum. Í barnaheimspæki er myndað samræðufélag nemenda. Þeir fá sameiginlega reynslu til að byggja samræður sínar á með því að lesa sögur af krökkum á skólaaldri, sem þæla í tilveru sinni og takast á við hana með rökum. Sögurnar eru ræddar þannig að nemendur fái tækifæri til að æfa sig í að þæla og beita rökum á sama hátt og fyrirmyndirnar úr sögunum. Með þessari aðferð hefur barnaheimspækingum tekist að kenna leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólanemendum að greina muninn á góðum og slæmum rökfærslum, að gera nemendur að gagnrýnum og sjálfstætt hugsandi manneskjum. Þegar til er aðferð og vel mótað

námsefni sem nær þessum árangri, finnst mér ekki nokkur vafi leika á að slíkt efni á brýnt erindi í alla skóla, þannig að öll íslensk börn fái að njóta þess.

- 1 Matthew Lipman (1990): *Uppgötvun Ara*. Hreinn Pálsson þýddi. Heimspækiskólinn. Segja má að Lipman hafi lagt grunninn að barnaheimspæki fyrir 30 árum með samningu bókarinnar. *Ara* fylgja kennsluleiðbeiningar sem eru kallaðar *Heimspækiæfingar* og úr þeim hef ég tekið ýmis dæmi í greininni.
- 2 Sjá Ann Gazzard (1988): „Thinking Skills in Science and Philosophy for Children“. *Thinking, the Journal of Philosophy for Children*. 7:3, bls. 32-40. IAPC, New Jersey.

*Greinarhöfundur er kennari og er við framhaldsnám í heimspæki í Montclair í Bandaríkjunum.*



*Af sýningunni Borgin séð með augum barna  
Ljósmynd: Snædís Gígja Snorradóttir, f. 1992*